

Fundur- 22.nóvember 2004

Ár 2004 þann 22.nóvember kom brunamála-og almannavarnanefnd saman til fundar á Reykhólum. Fundurinn hófst kl. 20:45 Mættur formaður nefndarinnar og Dís Sverrisdóttir varamaður Egils Sigurgeirssonar. Enn fremur slökkviliðsstjóri og sveitarstjóri. Haft var samband símleiðis við Leif Samúelsson í Djúpadal, en hann sagðist ekki sjá sér fært að mæta.

1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar 16.október 2003. Fram kom í máli slökkviliðsstjóra að búið væri að ráða 13 manns í slökkviliðið. Að jafnað væri ein æfing í mánuði. Búið væri að smíða tvær nýjar slökkvikerrur og væri önnur í Flatey en hin í Gufudalssveit.

2) Farið var yfir útgjöld til brunavarna árið 2004 og lögð drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 í þessum málaflokki. Búið er að verja í þennan málaflokk kr. 3.373.324,- það sem af er árinu 2004.

Slökkviliðsstjóri taldi einna brýnast að fjölga brunahönum á Reykhólum. Á Reykhólum er einungis einn brunahani og hann er fyrir utan þorpið. Grettislaug (sundlaugin) er hugsuð sem forðabúr. Sveitarstjóri greindi frá því að búið væri að sækja um framlag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þess að leggja vatnsleiðslu út í Karlsey. Sú leiðsla lægi í gegnum þorpið og á henni myndu verða a.m.k. fimm brunahanar.

Mjög brýnt væri líka að koma upp tankbíl. Líka vantar fleiri slökkvigalla. Slökkviliðsstjóri lagði til að keyptir verði nýir gallar á allt slökkviliðið á þessu ári og næsta, en nú eru bara til þrír nothæfir gallar. Síðan væri stefnt að kaupum á tankbíl árið 2006.

3) Heimsókn Björns Sverrissonar fyrrv.eldvarnaeftirlitsmanns á Sauðárkróki nú í haust, en hann var fenginn til ráðgjafar. Slökkviliðsstjóri sagði þessa heimsókn hafa verið gagnlega.

4) Rætt um skipulag slökkvistarfs í hreppnum, nú þegar slökkvikerra í Gufudalssveit hefur bæst við. Semja þarf um greiðslur til umsjónarmanna slökkvikerra.

5) Gerð brunavarnaáætlunar en samkvæmt lögum nr. 75/2000, 13.gr. skal á hverju starfssvæði slökkviliðs liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur umsögn Brunamálastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Þetta er mikið verk og er reiknað með að það verði klárað á næstu tveimur árum. Slökkviliðsstjóri benti á að útvega þyrfti honum tölvu.

6) Almannavarnir. Koma þarf á svokallaðri "skrifborðsæfingu" í almannavörnum í samráði við sýslumann.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 23:10

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Dís Sverrisdóttir (sign)

Ragnar Jóhannsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)